

Hafnarfjarðarbær
Anna Sofia Kristjánsdóttir
Strandgata 6
200 Hafnarfjörður

Reykjavík, 3. október 2012

Tilvísun: 201209026 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Áslandi að Hellnahrauni

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. september 2012, þar sem breyting á deiliskipulagi Reykjanesbrautar um Hafnarfjörð, frá Áslandi að Hellnahrauni, er send Skipulagsstofnun til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í skipulags- og byggingarráði 4. september 2012. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga og var tillagan í kynningu frá 5. júlí til 17. ágúst 2012. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrátti, dags. 28. febrúar 2011, í mkv. 1:3000 og eru greinargerð og hluti Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 á uppdrátti. Erindinu fylgdu ljósrit af auglýsingum og umsögnum Húsfríðunarnefndar og Fornleifaverndar ríkisins.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að Reykjanesbraut er tvöfölduð á kaflanum frá Áslandi að Hellnahrauni. Brautin verður í þrengra sniði en áður var ráðgert, miðdeili verður 5 m. breitt í stað 11 m. og verður lýsingu komið fyrir í miðdeilinu. Gatnamót Reykjanesbrautar og Krísvíkurvegar verða minni en áður var ráðgert og hringtorgum við gatnamótin verður breytt. Gert er ráð fyrir göngubrúm neðan Hvaleyrarholtsskóla milli Suðurbrautar og Valla - miðsvæði. Útfærsluhljóðmana verður breytt.

Þessi breyting tengist breytingu á deiliskipulagi Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að Áslandi sem var auglýst samtímis.

Í greinargerð kemur fram að breytingin falli undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Málsmeðferð var þó ekki í samræmi við þessi lög því samráð skv. 6. gr. laganna fór ekki fram og ekki liggur fyrir umhverfisskýrsla. Í kaflanum "Umhverfismat - niðurstaða" kemur fram að breytingin sé jákvæð þegar niðurstaða matsskýrslu frá í júlí 2008 er skoðuð. Þetta er rökstutt með því að miðdeili er mjórra og taki því minna pláss, rask við skráðar minjar verði minna en m.v. gildandi deiliskipulag og gangandi muni fara yfir brú, en ekki um göng, þegar þeir fara milli Valla og Hvaleyrarholts. Við kynningu hefði átt að vísa ítarlegar í matsskýrsluna eða hvar hana er að finna.

Í greinargerð er vísað í álit Skipulagsstofnunar frá 2008 og þann hluta niðurstöðunnar sem fjallar um eldhraun (jarðmyndanir) og gróður. Hér hefði einnig átt að fjalla um svifryk og loftmengun sem voru mikilvægir þættir í niðustöðu álitsins.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9.10.2012
Málsnr:	SB050584
Bréfal:	512
Skattala:	590269 - 5149
Sími:	595 4100
Fax:	595 4105
Ölvupóstar: skipulag@skipulag.is	
Heimásiða: www.skipulag.is	

Skipulagsstofnun hefur farið yfir innsend gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum um samþykkt deiliskipulagsins þar sem málsméðferð og umhverfismat var ekki samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 106/2005. Stofnunin telur jafnframt að ófullnæggjandi grein sé gerð fyrir þeim breytingum sem verða á umhverfi götunnar, vegna breytinga á hæðarsetningu hennar og hvort breytingarnar kallí á breytingar á aðliggjandi deiliskipulagsáætlunum.

Leggja þarf mat á umhverfisáhrif deiliskipulagsbreytingarinnar skv. lögum um umhverfismat áætlana og auglýsa tillöguna að nýju.

Skipulagsstofnun bendir einnig á eftirfarandi:

- Fram kemur að hluti brautarinnar verði lækkaður en ekki kemur fram á hvaða kafla brautin verður lækkuð, hve mikið, hvort það eigi við þann hluta sem þegar hefur verið lagður eða aðeins breikkunina og hvaða áhrif þetta hefur á aðliggjandi svæði og deiliskipulagsáætlanir. Í gildandi deiliskipulagi kemur fram að brautin verði lækkuð, sbr. langsníð á upprætti, en ekki kemur fram hvort brautin eigi að lækka enn frekar með þessari tillögu.
- Ekki er ljóst við hvað er átt með því sem fram kemur í greinargerð að leita skuli lögboðins samráðs við Hafnarfjarðarbæ.

Ólafur Brynjær Hældórsson
Ólafur Brynjær Hældórsson

Málsmeðferð deiliskipulags

Skipulagslög - lög um umhverfismat áætlana.

Sveitarfélag (framkvæmdaraðili) ákveður að gera tillögu að nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi deiliskipulagi.

Felur deiliskipulagstillagan í sér framkvæmd sem tilgreind er í 1. eða 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum?

NEI

JÁ

Lýsing er gérð og kynnt. Ef meginmarkmið liggja fyrir í aðalskipulagi er heimilt að falla frá gerð lýsingar, og einnig ef um er að ræða breytingar á deiliskipulagi. Eftir að unnið hefur verið úr ábendingum við lýsingu er tillagan kynnt á íbúafundi.

Deiliskipulagstillagan fellur jafnframt undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Skipulagsfulltrúi /skipulagsráðgjafi hefur samráð við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í matinu og er eðlilegt að sameina það samráð og gerð lýsingar. Eftir að unnið hefur verið úr ábendingum við lýsingu/ samráð er tillagan kynnt á íbúafundi. Umhverfisskýrsla fullunnin.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi. Tillagan er auglýst og lögð fram til kynningar í 6 vikur.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og umhverfisskýrslu. Gögnin eru auglýst og lögð fram til kynningar, einnig á netinu, í 6 vikur. Samtímis eru Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og öðrum eftir atvikum, send tillagan og umhverfisskýrsla hennar og þeim gefinn kostur að koma á framfæri athugasemdum við umhverfismat tillögunnar.

Ef athugasemdir eru gerðar við deiliskipulagstillöguna þarf að bregðast við framkomnum athugasemdum og taka deiliskipulagið til annarrar umraðu í sveitarstjórn. Hafi athugasemdir borist við tillöguna skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfismati skal tekin til endanlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt skipulagsgögn skulu samanstanda af endanlegu deiliskipulagi ásamt greinargerð um hvernig höfð var hliðsjón af umhverfisskýrslu og innkomnum athugasemdum auk vöktunaráætlunar. Hafi athugasemdir borist við tillöguna skal niðurstaða sveitarstjórnar auglýst.

Samþykkt skipulagsgögn skulu send Skipulagsstofnun til athugunar innan 8 vikna frá því auglýsingartíma lauk. Telji Skipulagsstofnun form- eða efnisgalla á deiliskipulaginu kemur hún athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda innan 3. mánaða frá samþykkt þess.

Sveitarstjórn skal senda samþykkt skipulagsgögn til Umhverfisstofnunar og annarra aðila sem fengu tillöguna og umhverfisskýrslu hennar til umsagnar.

Skipulagsstofnun birtir deiliskipulag sem öflast hefur gildi á heimasiðu stofnunarinnar.

Málsmeðferð deiliskipulags

Skipulagslög - lög um umhverfismat áætlana.